

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	11.7.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Eva Kristjánsd./Þorsteinn
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Fýrirvaralaust
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Dagný B. Reynisdóttir	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í aukaeftirlit vegna niðurstaðna vöktunarmælinga á flúorstyrk í grasi umhverfis verksmiðjuna í júní. Niðurstöður flúormælinganna voru hærrí en við var að búast. Í eftirlitinu var lögð áhersla á flutning og meðhöndlun efna sem innihalda flúor, mengunarvarnarábúnað og mælingar á flúorlosun frá verksmiðjunni.

Ekki komu fram frávik frá starfsleyfinu en athugasemd er gerð við að niðurstöður flúorgreininga í grasi bárust seint til eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni var byrjað á fundi með rekstraraðilum og sérfræðingi Matvælastofnunar um nýjustu niðurstöður flúormælinga í grasi (sýnatökur frá 25.-26. júní sl.) Að loknum fundi var farið yfir gögn úr mengunarmælingum og farið í skoðunarferð um verksmiðjulóðina.

Farið var yfir útreikninga á flúorlosun út um rjáfur kerskála og reykháfa reykhreinsivirkis ú frá mælingum og framsetningu þeirra í ársfjórðungsskýrslum.

Í skoðunarferðinni var byrjað á að skoða skautlagerinn þar sem að m.a. umhelling raflausnar fer fram. Afsog fer út um reykháfa í lofti skautlagersins sem tengjast inná reykháfa. Umfram raflausn úr kerjum er geymd og kæld í keilum inn á skautlagernum og svo helt í haug (bulk) ásamt uppsöpi og hvítu ryki af forskautum. Haugurinn er í sér sal inn af skautlagernum og er afsog frá þeim sal leitt í gegnum pokasiur. Tveir opnir gámar með umfram raflausn stóðu úti á gólfi skautlagers þegar eftirlitið fór fram.

Þá var farið yfir í baðhreinsivirki og skautsmiðju. Farið var yfir vinnsluferilinn afsog við endurvinnslu skautanna. Skautsmiðjan var ekki í gangi þegar eftirlitið fór fram. Við helstu ryk uppsprettur er afsog leitt í gegnum ryksafnara (pokasiur).

Tölvubúnaður var skoðaður þar sem m.a. er haft eftirlit með virkni ryksafnaranna (ástandi síupokanna). Á sumum ryksöfnurum er vöktun með símælingum en á öðrum er fylgst með virkni ryksafnaranna með sjónskoðun á útblæstri þeirra.

Kersmiðja var ekki í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Farið var niður að höfn þar sem að löndun súrals og álflúoríðs er fer fram og flutningur eftir lokuðu færíbandi upp í geymslusiló. Sami löndunarbúnaður og flutningskerfi er fyrir súral og álflúoríðið en lokur upp við geymslusiló stjórna í hvaða geymslusiló efnið fer. Ryksafnarar eru við löndun og við geymslusilóin. Álflúoríðið er flutt úr silóinu inn í kerskála í lokuðum tönkum (hopperum). Löndun var ekki í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Farið var upp í rjáfur kerskálans og skoðaður búnaður sem mælir bæði gaskenndan og rykbundinn flúor sem fer út um rjáfrið. Umgengni í kerskála var góð, ker almennt vel lokuð og gólf vel sópuð. Farið var yfir vöktun á síuskiptum í reykhreinsivirkjum. Síamælingar á flúorlosun eru út um rjáfur kerskálans (flúorgas) og útblástursrör reykhreinsivirkjanna. Auk þess eru árekstrarmælur við hverja einingu reykhreinsivirkisins (hvert síuhús) sem gefur til kynna hvar möguleg bilun (rifnir pokar) eru staðsettir. Auk þess er daglegt eftirlit með litlum rykföngurum úr hverju síuhúsi sem gefur til kynna ef um óeðlilega ryklosun er að ræða. Hægt er að fylgjast með virkni hveirar línu síuhúss og slökkva fyrir skot á tiltekinni línu sé ryklosun há í henni. Viðbragðsáælan skýrir nánar frá verkferlum hvernig bregðast skuli við fari mengunarmælingar yfir ákveðin mörk svo bregðast þurfi við.

Að lokum kynnti aðili frá Alcoa Technical Center mælingar á útblæstri skautlagers sem gerðar voru 2009 og 2014. Farið var ítarlega yfir forsendur útreikninganna og niðurstöður mælinganna. Niðurstöðurnar hafa verið teknar saman í skýrslu þar sem að gerðar eru tillögur að úrbótum. Rekstraraðili vinnur að úrbótum í samræmi við tillögurnar í skýrslunni.

ATHUGASEMDIR

Gerð athugasemd við að niðurstöður flúormælinga í grasi bárust seint til eftirlitsaðila. Mælingar voru gerðar 10. og 11. júní en voru ekki kynntar eftirlitsaðila fyrr en 3.júlí sl. (eftir að eftirlitsaðili óskaði sérstaklega eftir þeim). Í reglubundnu eftirliti í maí sl. óskaði eftirlitsaðili eftir að fá niðurstöðurnar um leið og þær lægju fyrir.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun óskar eftir að fá upplýsingar um hvenær næsta löndun á álflúorríði mun fara fram.

Reykjavík, 11.08.2014



Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.